# 2. Bein áhrif á einstakar greinar garðyrkjunnar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 /624
komudagur 15/12 1992

## 2.1. Blóm.

Blómaframleiðendur eru sammála um að áhrifin geti orðið veruleg.

1). Íslenskar nellikur verða ekki samkeppnisfærar á þeim tíma sem frjáls innfluttningur verður án tolla og lýsing á nellikum mun hverfa.

2). Brodiaea (Lokaskegg) getur vegna útlits og eiginleika haft áhrif á framleiðslu og sölu á freesium. Ræktun á freesium hefur aukist mjög á síðustu árum og lýsing þeirra einnig.

3). Anthurium (Flamingóblóm) og Ornithogalum (fuglamjólk) eru ræktuð hérlendis og innflutningur getur haft neikvæð áhrif.

4). Aukin hætta er á innflutningi á tilbúnum búntum, þar sem hráefnið væri tolllaus vara. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á verðlagningu blóma almennt.

5). Einnig er erfitt að meta hvaða áhrif frjáls og tollalaus innflutningur á nellikum, brodiaeu, anthurium, ornithogalum og strelitziu hefur á sölu annara afskorinna blóma bæði sökum verðs og magns. En ljóst er að áhrifin verða að öllum líkindum mjög veruleg.

## 2.2 Grænmeti.

Ræktunartímabil grænmetis er styttra hérlendis en annnar í Evrópu. Frjáls og tollalaus innflutningur yfir vetrarmánuðina tómötum, papriku og salati mun tvímælalaust hafa áhrif á verðlagningu íslensks grænmetis. Fyrsta verð á vori mun lækka enn frekar vegna þessa innflutnings, því erfiðara verður að koma með vöru á hærra verði inn á markaðinn, þegar í gangi hefur verið lágt verð yfir vetrarmánuðina. Þetta getur einnig orðið til að draga úr áhuga manna til að lýsa grænmeti í auknu mæli, nema tilkomi gagnger breyting á rafmagnsverði.

## 2.3 Trjáplöntur.

Samningurinn um EES snertir trjáplötnuframleiðendur óbeint varðandi þau rekstrarskilyrði sem garðyrkjunni eru búin í landinu.

Trjáplöntuframleiðsla einstaklinga hér á landi er rekin í skugga harðrar samkeppni við ríki og bæjarfélög eins og margoft hefur verið bent á.